

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

178.fundur

Þriðjudaginn 4. desember 2018 kl. 12:00 – 13:00

Veitingarstaðurinn Hraunið, Ólafsvík.

Fundinn sátu: Erla Gunnlaugsdóttir, Einar Magnús Gunnlaugsson, Jón Kristinn Ámundsson, Ragnheiður Víglundsdóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundagerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

Dagskrá

Yfirferð á jólaþorpi

Menningarnefnd lýsir yfir ánægju með frábærlega vel heppnað jólaþorp. Mæting var framúr öllum væntingum og almenn ánægja með framkvæmd. Farið var yfir þá punkta sem betur mega fara að ári og viðburðinum gerð góð skrifleg skil fyrir næsta ár.

Auglýsingar og jólahús

Ákveðið var að kaupa aftur ostakörfur frá Kassanum í verðlaun fyrir Jólahús Snæfellsbæjar og piparkökuhúsið. Verðlaun verða veitt laugardaginn 22. desember í Pakkhúsinu. Ákveðið að hanna auglýsingar í samráði við markaðs- og upplýsingafulltrúa fyrir þessa viðburði.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13.